

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Þegar ég byrjaði að taka saman efni fyrir þennan þátt áttaði ég mig betur á því en nokkru sinni fyrr hve Pink Floyd, bæði sem hljómsveit og einnig einstakir meðlimir, afkastaði miklu frá því að Barrett stakk upp á nafninu "The Pink Floyd Sound" 1965. Þeir, sem skoðað hafa heimasíðuna mína, brl.is, vita að ég á yfir 70 titla og vantar enn inn í safnið. Það sem kom mér hins vegar mest á óvart þegar ég tók þetta saman voru afköstin á 9. áratug síðustu aldar þegar allt fór í bál og brand. Ef við sleppum bókum og fræðsluefni á myndrænu formi og teljum allt annað, þ.e. stúdíóplötur, tónleikaplötur, kvikmyndatónlist, sólóplötur, samstarfsplötur og tónleikamyndir, þá á 9. áratugurinn metið eða a.m.k. 15 titla.

Ég nefndi í síðasta þætti "Nick Mason's Fictitious Spots" og "A Collection of Great Dance Songs", sem komu út 1981 og kvikmyndina "The Wall", sem kom út 1982. Árið 1983 gaf Capitol út safnplötuna "Works" með eldra efni. Þar er einnig að finna lagið "Embryo" eftir Waters, sem var tekið upp 1968 og talsvert spilað á tónleikum 1969 til 1971. Einhverra hluta vegna rataði lagið aldrei á neina stúdíóplötu hljómsveitarinnar þó að demó útgáfa birtist að þeim forspurðum á plötunni "Picnic", sem Harvest hljómplötuútgáfan gaf út 1970.

Árið 1983 kom líka út síðasta stúdíóplata Pink Floyd með Waters innanborðs. Hún er sú eina, þar sem Wright kemur ekkert við sögu og einnig sú eina, þar sem Waters er einn skrifaður fyrir öllu efninu, bæði tónlist og textum. Þegar hér var komið sögu var Waters orðinn algerlega einráður í bandinu og núningurinn milli hans og Gilmour ágerðist stöðugt. Waters hafði hugsað sér að platan yrði lokahnykkurinn á "The Wall" verkefninu og átti platan til að byrja með að innihalda efni, sem komst ekki á Vegginn sökum plássleysis. Nafnið, "The Final Cut", vísar einmitt til þessarar hugmyndar en ekki þess að platan hafi átt að verða síðasta plata Pink Floyd eins og ég hef suma heyrt halda fram. Gilmour var mjög óhress með þetta og spurði Waters hvers vegna efni, sem þótti ekki nógu gott fyrir Vegginn, væri allt í einu orðið nógu gott núna. En - Gilmour var sjálfur ekki með neitt nýtt efni og hefur sjálfur sagst hafa verið frekar latur á þessum árum og að Waters hafi einfaldlega ekki nennt að bíða eftir

honum.

Málin tóku svo óvænta stefnu þegar Falklandseyjastríðið braust út. Waters, sem er mjög einlægur friðarsinni og mjög vinstrisinnaður, blöskraði framganga Thatchers og breytti þema plötunnar að hluta, þannig að hún varð að eins konar uppgjöri hans sjálfs við draum eftirstríðsáranna um eilífan frið. Platan fékk nú undirtitilinn "A Requiem for the Post War Dream" eða "Sálumessa yfir eftirstríðsdraumnum". Hún inniheldur að sönnu lög, sem ekki komust á Vegginn en enn fremur ný lög, sem Waters samdi um stríðið við Argentínu, harðstjóra heimsins og tilgangsleysi styrjalda og endar svo á laginu "Two Suns in the Sunset" þar sem seinni sólin er í raun afleiðing kjarnorkustríðs.

Ekki náði allt aukaefnið af veggnum inn á plötuna. Í kvikmyndinni um Vegginn er lagið "When the Tigers Broke Free", sem fjallar beinlínis um dauða föður Waters í síðari heimsstyrjöld en platan er tileinkuð honum. Þetta lag, sem við heyrðum í upphafi þáttarins, átti að fara á "The Final Cut" en var skipt út á síðustu stundu af einhverjum ástæðum og kom fyrst út á geisladiski í tengslum við "The Wall" tónleikana í Berlín 1990. Lagið var enn fremur á safndiskinum "Echoes" 2001 og endurútgáfu "The Final Cut" á geisladiski 2004.

Á meðan á upptökunum stóð hlóðst spennan upp á milli þeirra þriggja, sem eftir voru í bandinu. Gilmour var mjög óhress með stefnuna og fannst bæði platan allt of pólitísk og enn fremur að textarnir væru orðnir að aðalatriði í stað tónlistarinnar og vildi fá tíma til að semja eitthvað sjálfur. Ég er að mörgu leyti sammála Gilmour en hins vegar verður ekki af Waters skafið hversu góður textahöfundur hann er. Gagnrýni hans á stríðsrekstur og thatcherismann er mjög beitt en enn fremur er oft undirliggjandi sú ósk að mannkynið hætti nú öllu stríðsbrólti og byggi sér heim, þar sem börnin eru ekki drepin. Við skulum nú hlusta á "The Gunner's Dream" eða draum hins óþekkta hermanns, sem hvílir í ómerktri gröf langt frá heimahögum.

Lag: "The Gunner's Dream"

<https://www.youtube.com/watch?v=g9mhU1mm5P0>

Waters nemti ekki að bíða eftir því að eitthvað kæmi frá Gilmour og hélt áfram eins og jarðýta, sem ryður öllu frá sér, sem á vegi hennar verður. Hann gagnrýndi stöðugt trommuleik Masons svipað og hann gagnrýndi Wright áður og fékk aðra trommuleikara til að slá taktinn í mörgum

laganna og er þess sérstaklega getið að annar trommari, Andy Newmark, hafi trommað í laginu "Two Suns in the Sunset" af því að Waters fannst Mason ekki ráða við hinn flókna og margskipta takt. Nú er Mason mjög hógvæð maður, sem lítur alls ekki á sjálfan sig sem besta trommara í heimi en það má glögglega lesa í bók hans að honum sárnaði framkoma Waters. Framlagi Masons til plötunnar var haldið í lágmarki og Waters lýsti meira að segja yfir að þar sem það eina sem Mason gerði væri að tromma gæti hann hvorki krafist aukastefgjalda eða yfirleitt neinna viðurkenninga fyrir neitt verkanna á plötunni. Helsta framlag Masons til plötunnar var reyndar að taka upp ýmiss konar hljóð, svo sem frá herflugvélum að taka á loft og voru þessi hljóð notuð til að búa til svo kallað "holophonic" hljóð. Þetta kerfi var fundið upp af Ítalanum Hugo Zuccarelli og var eins konar forveri 5:1 surround kerfa nútímans. Skv. mínum heimildum var "The Final Cut" önnur platan, þar sem þetta kerfi var notað en það kemur best út í upphafi fyrsta lagsins á annarri plötusíðu, "Get Your Filthy Hands off my Desert", þar sem herþota virðist fljúga yfir og svo heyrir sprenging, sem umlykur áheyrandann. Þrátt fyrir alla vinnuna er þessa framlags Masons ekki getið á albúminu en fyrirtæki Zuccarellis eignaður allur heiðurinn.

Ekki átti Gilmour heldur sjö dagana sæla. Waters hlustaði ekki einu sinni á uppástungur frá honum og þegar upptökum var lokið var eins og Gilmour hefði verið frystur úti. Þó að Waters hafi ekki vogað sér að gagnrýna gítarsóló Gilmours eru þau mjög fá á plötunni og þar kom að Gilmour gekk út og sagði við Waters að hann gæti hringt í sig ef hann vantaði fleiri sóló. Á endanum neitaði Gilmour að vera meðframleiðandi og á plötuumslaginu má sjá þá Waters, Michael Kamen og James Guthrie titlaða framleiðendur. Guthrie var sami upptökustjóri og á Veggnum og Kamen, sem einnig kom að gerð Veggjarins, spilaði á píanó og harmóníum á plötunni. Nú var Kamen mikill listamaður og líklega betri píanóleikari en Wright en hann er ekki Wright. Þegar ég keypti "The Final Cut" 1983 brá mér að sjá hvergi nafn Wrights en brotthvarfi hans hafði verið haldið vandlega leyndu. Þá varð ég hissa þegar ég las undir titli plötunnar orðin "by Roger Waters performed by Pink Floyd". Strax á fyrsta lagi fannst mér eitthvað vanta og að fyrstu hlustun lokinni vissi ég nákvæmlega hvað það var: "The Pink Floyd Sound".

Mason lýsir samskiptum þeirra Gilmour og Waters á þá leið að þegar hinn óhreyfanlegi hlutur, Gilmour, mætir hinum ómótstæðilega krafti, Waters, verður eitthvað undan að láta - og það var Gilmour, sem vægði. Mason

spyr í bók sinni af hverju þeir liðu Waters að yfirtaka bandið gersamlega. Hann telur að Gilmour hafi ekki haft nógu mikla trú á sjálfum sér sem laga- og sérstaklega textahöfund og hafi ekki viljað taka áhættuna á missa aðalhöfundinn úr hljómsveitinni. Hinn möguleikinn kann að hafa verið að eftir að Wright var látinn hætta hafi Mason og Gilmour verið hræddir um að ef þeir væru ekki stilltir yrði þeim sjálfum vísað á brott í sitt hvoru lagi. Mason bendir hins vegar á að stóra vandamálið hafi verið að þeir töluðust ekki við lengur, þannig að vandamálin voru aldrei rædd og út frá þeim sjónarhóli sé beinlínis rangt að skella allri skuldinni á Waters.

Við skulum nú heyra eitt lag í viðbót af þessari plötu, titillagið, "The Final Cut", og enn bendi ég á frábæran texta Waters.

Lag: "The Final Cut"

<https://www.youtube.com/watch?v=zvARL0Hzcoo>

Árið 1984 gaf Waters út sólóplötuna "The Pros and Cons of Hitchhiking" með efninu, sem meðlimir Pink Floyd höfnuðu þegar þeir ákváðu að gera Vegginn í staðinn. Þetta var fyrsta plata Waters á sólóferli hans og er að margra mati ágætis plata og vel þess virði að hlusta á endrum og sinnum. Sama ár kom út önnur sólóplata Gilmour, "About Face", mun betri en fyrsta sólóplatan en Gilmour sagðist hafa viljað gera vandaða plötu og var mjög ánægður með útkomuna. Sama verður ekki sagt um tilraunaverkefni Wright og Dave Harris úr hljómsveitinni "Fashion". Þeir gáfu út plötuna "Identity" í nafni dúettsins "Zee" með rafrænni tónlist og hefur Wright sjálfur sagt að platan væri mistök og hefði aldrei átt að koma út.

Síðla árið 1984 eftir að sólóplata Waters kom út hittust þeir allir þrír ásamt umboðsmanninum, Steve O'Rourke á veitingastað í London. Á þessum tímapunkti hafði Waters reynt að framlengja samning sinn við O'Rourke á einstaklingsgrundvelli og vildi að umboðsmaðurinn héldi þessu leyndu fyrir Mason og Gilmour. O'Rourke taldi sig hins vegar skuldbundinn til að láta þá vita en það leit Waters á sem svik við sjálfan sig og fór að íhuga að skipta um umboðsmann. En hvað um það, á þessum fundi 1984 kom upp enn einn misskilningurinn. Waters fékk það á tilfinninguna að Gilmour og Mason væru bara nokkuð sáttir við að Pink Floyd væri búin að vera á meðan hinum fannst eðlilegt að hljómsveitin héldi áfram eftir að Waters væri búinn með sólóplötuna. Þeir fóru af fundinum með tvær mismunandi skoðanir á því hvað hefði verið ákveðið.

Árið 1985 kom út samstarfsplatan "Profiles" með Mason og Rick Fenn úr "10cc" en öfugt við "Fictitious Spots" er Mason skrifaður fyrir flestum lögnum ásamt Fenn. Mason var mjög ánægður með þessa plötu og sagði að þetta hefði verið góð tilbreyting frá argaþrasinu í kringum Pink Floyd eða eins og hann sagði: "Roger ætlar gera þetta og Dave ætlar að gera hitt og þú, Nick, getur farið og búið til te handa okkur".

Þetta sama ár tilkynnti Waters að hann væri hættur í Pink Floyd og bað um að vera leystur undan öllum skyldum sínum við plötufyrirtækin sem meðlimur hljómsveitarinnar. Gilmour og Mason lýstu þá yfir að Pink Floyd væri ekki hætt og myndi starfa áfram. Waters, sem taldi sig þurfa að ryðja Pink Floyd úr vegi fyrir eigin sólóferil, brást við með því að fara í mál til freista þess að banna þeim að halda áfram en þar sem hljómsveitin var aldrei formlega stofnuð var sú leið ekki fær. Þá reyndi hann að fá lögbann á nafnið Pink Floyd, sem tókst ekki. Waters hefur reyndar haldið því fram í viðtölum að hann hafi verði neyddur til að hætta þar sem hinir hafi hótad honum málssókn ef hann héldi áfram að þvælast fyrir þeim. Mér finnst það reyndar dálítið öfugsnuíð að maður, sem hættir í hljómsveit, skuli bregðast við með þessum hætti þegar hljómsveitin tilkynnir að hún ætli að halda áfram án hans. Gilmour hefur meðal annars notað orðið "mikilmennskubrjálæði" um þetta athæfi í viðtölum. Mason segir að þetta hafi leitt til vinslita milli hans og Waters og segir enn fremur glaðhlakkalegur í bók sinni að Waters hafi reynst hafa rétt fyrir sér þegar hann sagði að enginn væri ómissandi.

Árið 1986 kom út kvikmyndin "When the Wind Blows" en mestöll tónlistin í myndinni er eftir Waters. Ári seinna gaf Waters svo út aðra sólóplötu sína, "Radio Kaos", sem fékk nokkuð misjafna dóma þó að þar séu mjög góð lög inn á milli, svo sem "The Tide is Turning". Satt best að segja hef ég grun um að platan hafi þínulítið fallið í skuggann af seinni stúdíóplötu Pink Floyd á áratugnum og þeirri fyrri, sem var gerð eftir að Waters hætti í bandinu. Þessi plata kom út 1987 og heitir "A Momentary Lapse of Reason" eða "stundarbrjálæði" og er titillinn kannski lýsandi fyrir ástandið á þessum tíma. Það þurfti tvímælalaust mikinn kjark til að gefa út þessa plötu án Waters. Gilmour, sem samdi mest alla tónlistina einn, fékk aðra tónlistarmenn til liðs við sig í nokkrum lögum ásamt textahöfundum, en hann treysti sér ekki til að skrifa nógu góða texta. Það tók Gilmour og Mason meira en ár að láta til skarar skriða og meðal þess, sem varð þeim hvatning, voru einmitt lætin kringum útgöngu Waters, svo sem yfirlýsingar

hans um að hljómsveitin væri hætt og að þeir myndu aldrei hafa kjark til að gera nýja plötu.

Platan var að mestu tekin upp í húsbáti Gilmour, Astoria, sem hann hafði breytt í lítið hljóðver. Meðal þeirra sem komu að gerð hennar og aðstoðuðu við lagasmíðarnar voru Bob Ezrin, meðframleiðandi "The Wall" og Phil Manzanera úr "Roxy Music". Þá samdi Anthony Moore flesta textana. Áður en upptökur byrjuðu hittust Gilmour og Wright í Grikklandi þar sem Wright bjó á þessum tíma. Þegar Gilmour sagði honum að þeir væru að hugsa um að gera nýja plötu bauðst Wright til að sjá um hljómborðin. Hann bættist svo í hópinn þegar upptökurnar voru u.þ.b. hálfnaðar sem launaður tónlistarmaður en af lagalegum ástæðum var ekki hægt að gera hann að fullgildum meðlim á þessum tímamarki. Reyndar var framlag Wright og Mason til þessarar plötu ekki mikið. Hvorugur taldi sig vera í æfingu og í rauninni vantroystu þeir sjálfum sér. Gilmour sagði í viðtali að þetta væri afleiðing af stöðugri gagnrýni Waters á hljóðfæraleik þeirra gegnum árin, sem smám saman hefði tekist að sannfæra þá meira eða minna um að þeir væru einskis nýtir.

Þegar platan kom út sögðu margir gagnrýnendur að hún væri fyrst og fremst sólóplata Gilmour frekar en Pink Floyd plata en margir sögðu reyndar um "The Final Cut" að hún væri fyrst og fremst sólóplata Waters. Mín persónulega skoðun er að "A Momentary Lapse of Reason" sé miklu nær því að vera Pink Floyd plata en "The Final Cut" einfaldlega vegna þess að hið ómissandi Pink Floyd sánd, sem vantaði á "The Final Cut" er komið aftur og er ekki ólíklegt að Wright hafi haft þar einhverja hönd í bagga. Við skulum nú heyra lagið "Learning to Fly", sem fjallar um flugnám Gilmour og Mason árið áður. Töluðu orðin eru brot úr samskiptum Mason við flugturninn en aðalatriðið er að sjálfsögðu hinn þungi undirtónn, sem er svo einkennandi fyrir Pink Floyd.

Lag: "Learning to Fly"

<https://www.youtube.com/watch?v=2mKDvp7MavQ>

Þó að platan seldist vel fékk hún misjafna dóma og ýmsir lýstu því yfir að þetta væri ekki Pink Floyd plata þar sem Waters vantaði. Ég veit til þess að gallharðir Waters aðdáendur hættu meira eða minna að fylgjast með hljómsveitinni eftir að Waters hætti og sögðu sem svo að án hans væri engin Pink Floyd. Nú vill svo til að fyrir mörgum árum hitti ég mann úti í London, sem var harður Barrett aðdáandi og hann sagði mér að hann hefði

gefist upp á Pink Floyd eftir að "A Saucerful of Secrets" kom út 1968 eftir að Barrett hætti. Þó að ég sé meira á línu Gilmour og Wrights er ég fyrst og fremst Pink Floyd aðdáandi. Auðvitað breytir hljómsveit um stíl þegar breytingar verða á mannskap og ég tala nú ekki um þegar aðal laga- eða textahöfundarnir hætta. "A Momentary Lapse of Reason" er langt frá því að vera besta Pink Floyd platan en það er "The Final Cut" líka. Það skiptir hins vegar engu máli. Það sem skiptir máli er að Gilmour og Mason tóku þá ákvörðun að halda áfram án Waters og tóku Wright aftur inn í bandið þó að það væri með óformlegum hætti til að byrja með. Auðvitað tók það hljómsveitina tíma að þróa hið nýja skipulag - en við skulum hafa í huga að það tók hljómsveitina sex ár að þróast án Barretts þar til meistaraverkið "Dark Side of the Moon" kom út 1973. Enn fremur má halda því til haga að "A Saucerful of Secrets" fékk heldur ekki góða dóma þegar hún kom út 1968 og einn gagnrýnandinn sagði að eina lagið, sem eitthvað væri varið í væri "Jugband Blues" Barretts. Við skulum nú hlusta á eitt af meistaraverkum Gilmour að mínu mati, lagið "On the Turning Away", sem mér finnst dálítið gefa tóninn fyrir tímabilið, sem oft er kennt við Gilmour.

Lag: "On the Turning Away"

https://www.youtube.com/watch?v=ojf18wT_Xtk

"A Momentary Lapse of Reason" er fyrsta plata Pink Floyd, sem er að mestu tekin upp stafrænt en ekki hliðrænt. Mason getur þess sérstaklega hve þetta var þægilegt og hversu hlutirnir tóku miklu styttri tíma en með gömlu aðferðunum. Þá þótti honum ekki ónýtt að geta notað tölvutæknina til að breyta trommunum að vild. Reyndar vantroysti hann sér svo mikið að þeir fengu aðra trommara til að spila undir stóran hluta af plötunni og átti svo eftir að sjá mikið eftir því þegar hann neyddist til að læra þetta allt saman fyrir tónleikaferðina. Þrátt fyrir vantraustið tekur hann fram að hann hafi ekki haft áhyggjur af að tölvurnar muni koma í staðinn fyrir trommara í fyrirsjáanlegri framtíð þar sem þær geti hvorki hent sjónvarpinu út um glugga á hótélherbergi né dottið í það og ælt á teppið. Eftir á að hyggja taldi hann reyndar að hann hefði átt að safna kjarki og spila þetta allt sjálfur en bæði honum og Gilmour var mjög mikið í mun að gera allt rétt því að annars yrði þeim slátrað Waterslausum. Afleiðingin varð m.a. sú að engir sénsar voru teknir og Mason segir að á köflum þyki honum platan ekki alveg endurspeglar þá sjálfa.

Í desember 1987 tókst loks samkomulag milli Waters og Pink Floyd. Í stuttu máli fékk Waters einkaleyfi á flestu því, sem viðkom Veggnum

ásamt fleiri atriðum en Pink Floyd hélt m.a. ljósaýningaréttinum, sem var löngu orðið eins konar vörumerki hljómsveitarinnar á tónleikum. En allt þetta sorglega mál leiddi til algerra vinslita milli Waters og fyrrum féлага hans í Pink Floyd og má kannski segja að ekki hafi byrjað að gróa um heilt fyrr en að loknum Live Aid tónleikunum 2005. Reyndar hef ég grun um, miðað við viðtöl við Waters á síðustu árum, að hann sjái eftir framkomu sinni gagnvart félögum sínum á níunda áratug síðustu aldar.

Árið 1988 kom út platan "Opel" með lögum eftir Barrett, bæði af fyrri sólóplötunum og nokkrum, sem ekki höfðu farið á plötu áður. Platan var gefin út með samþykki Barretts við mikinn fögnuð harðra Barrett aðdáenda. Sama ár kom út bæði tónleikaplatan og myndbandið "Delicate Sound of Thunder" með völdum lögum úr samnefndu tónleikaferðalagi Pink Floyd á árunum 1987 til 1989. Þarna er m.a. að finna bestu tónleikaútgáfu "Money" að mínu mati. Svo vildi til að á sama tíma var Waters að kynna aðra sólóplötu sína í Bandaríkjunum og í einhverjum tilfellum voru bæði hann og Pink Floyd að spila á sömu stöðum. Það er skemmst frá að segja að aðsókn á tónleika Waters var miklu minni en hjá Pink Floyd en þetta tónleikaferðalag reyndist meðal best heppnuðu tónleikaferða hljómsveitarinnar frá upphafi þegar upp var staðið og er ég ekki frá því að þarna hafi Mason og Wright öðlast sjálfstraustið að nýju. Meðal tónlistarmanna, sem komu fram með hljómsveitinni á þessu ferðalagi og áttu eftir að koma mikið við sögu síðar má nefna Jon Carin, sem einnig spilaði á hljómborð á plötunni, Guy Pratt, bassaleikara, sem síðar varð tengdasonur Wright og bar litla virðingu fyrir risaeðlukóngunum, Gary Wallis, slagverksleikara, sem hoppaði um sem óður í slagverksbúri sínu og Tim Renwick, gítarleikara. Þá eru ótaldar bakraddasöngkonurnar en ein þeirra, Durga McBroom, átti eftir að koma meira við sögu síðar.

Ég ætla að enda þennan þátt á laginu "Sorrow", sem er síðasta lagið á "A Momentary Lapse of Reason". Bæði lagið og textinn eru eftir Gilmour og samdi hann textann sem ljóð áður en hann samdi lagið, sem var mjög óvenjulegt fyrir hann. Þá tók hann allt lagið upp einn í bátinum sínum með hinni nýju stafrænu tækni, allt frá söng og gítarspili til bassa- og trommuleiks. Þetta er að mínu mati besta lag plötunnar.

Ég heiti BRL og veit eitthvað þínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lag: "Sorrow"

<https://www.youtube.com/watch?v=TvChSZBKb6A>

© Björgvin R. Leifsson 2013

Lagalisti:

When the Tigers Broke Free á minniskubbi - upphafslag

The Final Cut:

Hlið 1, lag 5:

The Gunner's Dream

Hlið 2, lag 4:

The Final Cut

A Momentary Lapse of Reason:

Hlið 1:

Lag 2, Learning to Fly

Lag 5, On the Turning Away

Hlið 2, lag 6 (síðasta lagið):

Sorrow